

fiskveiðiárið er hófst 1. september 1992 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 7. desember 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvors fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 112/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „15.970“ í 1. gr. laganna kemur: 20.250.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „1.300“ kemur: 1.420.

b. Við bætist nýr töluliður svohljóðandi: Spölur hf., allt að 50 m.kr.

3. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.